

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921,
um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í 1. og 7. gr. laganna komi í stað „500“: 200.

2. gr.

10. gr. laganna skal orða þannig:

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti, sem stjórnarráðið lætur gera, greiðist, að því leyti, sem gjald það, sem ákveðið er í 14. gr., hrekkur ekki til, að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

3. gr.

13. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarráðið lætur gera skipulagsuppdrætti yfir þá bæi, kauptún eða sjávarþorp, er skipulagsskyld eru samkv. 7. gr. laganna, en uppdráttur hefir ekki verið staðfestur fyrir, og skal þeim skipulagsuppdráttum lokið á þeim tíma, sem stjórnarráðið setur ákvæði um í hvert sinn.

Nú er kauptún eða sjávarþorp, sem skipulagsskyld er samkv. 7. gr., í hrörnun eða tvisýnt þykir um vöxt þess og framtíð, og getur þá stjórnin ákveðið, að frestað skuli að gera af því skipulagsuppdrátt.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

4. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Skipulagsnefnd annast stjórn skipulagsmála, undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Nefndin kys sér sjálf formann.

Skipulagsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, ráðið húsameistara og ráðunaut í heilbrigðismálum sér til aðstoðar. Þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra og laun aðstoðarmanns ákveður stjórnarráðið.

Kostnaður við stjórn skipulagsmála, mannahald, skrifstofukostnaður, ferðalög o. fl. greiðist úr ríkissjóði.

Til þess að standast þennan kostnað skal greiða í ríkissjóð allt að 3% af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir að lög þessi ganga í gildi, í þeim bæjum, þar sem skipulagsuppdráttur hefir verið staðfestur eða þar sem byrjað er að vinna að skipulaginu, sbr. 9. gr.

Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um gjald þetta og hvernig það skuli innheimt.

5. gr.

64

11. júní

Í 16. gr. laganna falli niður orðin „ef það sér sér það fært“.

Aftan við greinina komi svo hljóðandi málsgr.:

Skipulagsuppdráttur skal staðfestur af stjórnarráðinu eigi síðar en tveim árum eftir að hann hefir verið lagður fram.

6. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kaup-
túns eða sjávarþorps, þótt íbúar þess séu færri en 200, svo og til orkuvers eða sveitar-
þorps, ef hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsnefnd gerir tillögur um það og stjórn-
arráðinu þykir sérstök ástæða til.

Eftirrit af uppdráttum bæja og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

7. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Skipulagsnefnd hefir eftirlit með byggingu hvers bæjar, sem skipulagsupp-
dráttur er samþykktur fyrir. Skal vandlega rannsakað, svo oft sem þurfa þykir, hvort
skipulagsákvæðum er fyllilega fylgt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og
endurbættir, svo sem vera ber. Nefndin hefir og eftirlit með starfi byggingarnefnda,
hreppsnefnda og bæjarstjórna um allt, er að skipulagi lýtur, og veitir þeim leiðbein-
ingar eftir föngum.

Merkja skal á skipulagsuppdráttum þá staði, þar sem sérstök nauðsyn þykir að
vanda til um útlit húsa, svo sem við torg eða aðalgötur, og skal byggingarleyfi bund-
ið því skilyrði, að skipulagsnefnd hafi samþykkt útlitsuppdrátt.

Nefndin gefur stjórnarráðinu árlega skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann
að vera í hverjum bæ.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69 23. júní 1932.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.